

Fundur faghóps kennararáðs um starfsþróun.

Kópavogi, 17. ágúst 2023

Boðaðir: Birgir Urbancic Ásgeirsson, Guðmundur Engilbertsson, Mjöll Matthíasdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Jónína Hauksdóttir, Kristín Jónsdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir. (fyrir Helgu Kristínu), Guðjón H. Hauksson, Ragnar F. Ólafsson, Ingimar Ólafsson Waage.

Fjarverandi: Helga Kristín Kolbeins, Ragnar F. Ólafsson, Ingimar Ólafsson Waage.

Fundarritari: Gunnhildur Harðardóttir.

Fundarstaður: Teams

Dagskrá fundar:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar.
2. Yfirlit yfir starfsárið 2022-2023.
3. Nýliðun kennara – staða verkefnis.
4. Veggspjald um almennu hæfnina.
5. Hæfni leiðbeinenda í íslensku, aðgengi að námskeiðum og þróun stöðumats.
6. IFTRA -International forum of teacher regulatory authorities.
7. Önnur mál.

Umræður og ákvarðanir:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar.

Formaður opnaði fund, bauð þátttakendur velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Engar athugasemdir gerðar við dagskrá, fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

2. Yfirlit yfir starfsárið 2022-2023.

Farið yfir skýrslu starfsársins og þau atriði sem unnið var að á starfsárinu.

Fram kom í umræðum ósk um að bæta inn í skýrsluna umfjöllun um greinaskrif sem birst hafa opinberlega auk þess að setja inn og virkja tengla í efni skýrslunnar þar sem það á við. Rætt var um að birta frétt um skýrsluna þegar hún væri tilbúin og skoða hvort hægt sé að birta hana til dæmis á síðum Menntavísindasviðs og Kennarasambandsins. Rætt um að skýrslan væri vel skrifuð, stutt og hnitmiðuð. Skýrslan verður tilbúin til birtingar á næstunni.

Önnur útgáfa af leiðbeiningum um verklag við ráðningar kennarra og stjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla er nú aðgengileg á heimasíðu MMS.

3. Nýliðun kennara – Komdu að kenna.

Undir þessum lið fjallaði varaformaður um átaksverkefni stjórnvalda sem kynnt var árið 2019 um nýliðun kennara og lýkur 2024. Farið var yfir þau atriði sem lögð var áhersla á í upphafi átaksins, það er; brottfall úr kennaranámi og minnkuð aðsókn. Fram kom að 1,3 milljarðar hafi veri áætlaðir í verkefnið.

Frá árunum 2018-2023 hafa 7544 nemendur sótt um kennaranám. Árið 2020 var metfjöldi umsókna eða 1610. Ljóst er að fjöldi umsókna speglar ekki fjölda nemenda sem hefja/ljúka námi og því lítið hægt að byggja á þessum tölum. Fram kom að nýjar tölur frá HÍ sýni að 54% umsókna skili sér í námið og 67% í HA. Þá hafa 69% nemenda sem sótt hafa í meistaranám hafið nám.

Í framhaldi af kynningu urðu umræður meðal annars um breytingar sem væru að gerast á kennaramenntun á Norðurlöndum og fram kom að Danir leggðu nú meiri áherslu á starfsnám kennaranema og sérstaka æfingakennsluskóla.

Bent var á að kennarastéttin á Íslandi væri að eldast og að 800 kennarar sem væru 60 ára eða eldri hefðu verið starfandi árið 2022. Hlutfall réttindakennara innan skólana er áhyggjuefni og staða á fagfólks á leikskólum er grafalvarleg. Þá kom fram í stjórnarsáttmála 2021 að fjölga þurfi fagfólki á öllum skólastigum. Rætt var um aðrar fagstéttir sem starfa innan skólanna, réttindi þeirra og kjarasamninga.

Fjallað var um undanþágunefndin og hennar störf. Fram kom að nefndin er eingöngu umsagnaraðili en það er Menntamálastofnun sem tekur lokaákvörðun vegna þeirra umsókna sem samstarfsnefndin hafnar.

Sonja deilir glærum af námskeiði sem hún og aðrir sóttu til nefndarinnar.

4. Plakat um almennu hæfnina.

Vinna er hafin við útfærslu á veggspjaldi og búið er að fá aðila til að vinna verkefnið. Helsti vandi við hönnum er sá að texti er mikill og erfitt að útfæra útlit af þeim sökum. Fram kom að framsetningin þurfi að byggja á því hvernig nýta á afurðina og huga þarf af því hvernig rafræn útfærsla verður. Sjá þarf til lands áður en lagt er af stað þegar litið er til rammans og notkunar hans. Í upphafi þarf að hugsa vinnuna heildstætt; vefútfærsla, prentvænt efni, vídeó, myndræn framsetning og/eða heimasíða. Formaður og varaformaður leiða vinnuna áfram með hönnuði.

5. Hæfni leiðbeinenda í íslensku, aðgengi að námskeiðum og þróun stöðumats.

Svar við minnisblað, sem sent var frá kennararáði til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, barst 17. júlí. Nefndarfólk hefur fengið svar ráðuneytis í tölvupósti.

Fram kom á fundinum að ekki liggja fyrir próf sem sýna fram á hæfni í íslensku, staðan í dag sé sú að umsækjendur meta getu sína sjálfir.

6. IFTRA- International forum of teacher regulatory authorities -Alþjóðasamband kennararáða

Ný heimasíða er nú komin í loftið hjá IFTRA. Þar er auglýst ráðstefna samtakana sem verður í júní á næsta ári í Ástralíu; Teacher Regulation for Quality and Quantity – *Can it be done?*. Dagskrá liggur ekki fyrir en formaður er með lykilorð inn á síðuna fyrir þá sem hafa áhuga á þátttöku. Fram kemur að mikilvægt er að vera í góðum tengslum við alþjóðasambandið. Hugmynd varpað fram þess efnis að kennararáðið myndi heimsækja önnur kennarasambönd eins og þau írsku.

7. Önnur mál

- ✓ Spurt var hver staðan væri á þýðingum hæfniviðmiða yfir á ensku. Lögfræðingur ráðuneytisins eru að rýna í skjölin. Fundur áætlaður í næstu viku til yfirferðar á viðmiðunum.
- ✓ Fagráð um starfsþróun hefur haldið 1. fund og er nefndin farin af stað og reiknað er með fundi fljótlega. Fulltrúar KÍ hittust til að gera drög sem leggja á fyrir stærri hóp. Kolbrún verður í forsvari fyrir hópinn. Kennararáð fær kynningu fljótlega.
- ✓ Sonja mun senda fundaraðilum glærur af námskeiði.

Fundið slitið kl.14:45

Næsti fundur:

Næsti fundur ráðsins fimmtudag 21. september kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: GH